



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vínartónleikar

7., 8. og 9. janúar 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlega hafið slökkt á farsínum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og verða sendir út 10. janúar. Lengd tónleikanna er um það bil 2 klukkustundir.

Tónleikarnir á föstudagskvöld eru sendir út beint í Sjónvarpi Símans og eru aðgengilegir notendum þess í Tímaflakkinu í 24 klst.

Tónlistarflutning á undan tónleikum og í hléi annast hljóðfæraleikarar úr Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Í tilefni Vínartónleikanna selja barirnir í Hörpu svalandi freyðivín fyrir tónleika og í hléi.

Blómaskreytingar: Dans á rósum / Ragnhildur Fjelsted.
Blómin á tónleikunum koma frá Grænum markaði og Samasem.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfó www.sinfonia.is

Vínartónleikar

Tónleikar í Eldborg 7., 8. og 9. janúar 2016

Ola Rudner hljómsveitarstjóri
Guðrún Ingimarsdóttir einsöngvari
Elmar Gilbertsson einsöngvari

Johann Strauss yngri

*Die Fledermaus (Leðurblakan), forleikur
Klänge der Heimat*

úr Leðurblökunni

Franz Lehár

Wo die Zitronen blühen, vals

Dein ist mein ganzes Herz

úr óperettunni Brosandi land

Johann Strauss yngri

Im Krappfenwaldl

Kaiser-Walzer (Keisaravalsinn)

Carl Zeller

Schenkt man sich Rosen in Tirol

dúett úr óperettunni Fuglasalinn

Hlé

Franz von Suppé

Ein Morgen, ein Mittag, ein Abend in Wien, forleikur

Nico Dostal

Spiel mir das Lied von Glück und Treu

úr óperettunni Ungverska brúðkaupið

Rudolf Siczynski

Wien du Stadt meiner Träume

Johann Strauss yngri

Egyptiskur mars

Éljen a Magyar!

Franz Lehár

Lippen schweigen

dúett úr Kátu ekkjunni

Johann Strauss yngri

An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)

Ola Rudner

hljómssveitarstjóri



Sænski hljómssveitarstjórinn Ola Rudner byrjaði tónlistarferli sinn sem fiðluleikari og vann meðal annars til verðlauna í Paganini-keppninni í Genúa. Þá starfaði hann sem konsertmeistari þekktara hljómssveita, þar á meðal Camerata Salzburg, Vínarsinfóníunnar og hljómssveitar Alþýðuóperunnar í Vínarborg. Árið 1995 stofnað hann hljómssveitina Philharmonia Wien. Frá 2001–2003 var hann aðalhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitarinnar í Tasmaníu og 2003–2007 gegndi hann sömu stöðu í Haydn-hljómssveitinni í Bolzano. Síðan 2008 hefur hann verið aðalhljómssveitarstjóri þýsku hljómssveitarinnar Württembergische Philharmonie Reutlingen.

Ola Rudner hefur stjórnað öllum helstu hljómssveitum Ástralíu; sífóníuhljómssveitunum í Sydney, Melbourne, Queensland, Tasmaníu, Adelaide og Perth. Í Skandinavíu hefur hann stjórnað flestum stærri hljómssveitum, m.a. Sinfóníuhljómssveitinni í Gautaborg, Sænsku útvarpshljómssveitinni og Oslóarfílharmóníunni. Meðal annarra evrópskra hljómssveita sem Rudner hefur stýrt eru Radio-Sinfonieorchester Frankfurt, Orchestra Fondazione Arena di Verona, BBC Symphony Orchestra London, London Philharmonic Orchestra, Orchestre Philharmonique du Luxembourg, Orchestra Sinfonica di Roma, Filharmonia Narodowa í Varsjá, Bremer Philharmoniker og Wiener Symphoniker. Þá stjórnar hann hljómssveit sinni Philharmonia Wien árlega í Musikverein og hefur ferðast með henni til Japans, Póllands og Tyrklands.

Sem óperustjórnandi hefur Ola Rudner víða komið við. Hann stjórnar reglulega í Alþýðuóperunni (Volksoper) í Vínarborg og er tíður gestur annarra óperuhúsa í Austurríki, Svíþjóð, Ítalíu og Ástralíu.

Verkalisti Rudners spannar tímabil tónlistarsögunnar frá Bach til dagsins í dag en verk Haydns, Mozarts, Beethovens, Schuberts, Brahms og Bruckners eru honum þó hjartfólgnust. Hefur hann hlotið mikið lof fyrir túlkun sína á verkum þeirra.

Tónlistin á Íslandi

Ola Rudner hljómssveitarstjóri stjórnaði Sinfóníuhljómssveit Íslands á tónleikum 26. október 1995 þar sem verðlaunahafar Tónvakans, Júlíana Rún Indriðadóttir og Ármann Helgason fluttu konserta eftir Mozart og Copland. Árið eftir stjórnaði Rudner hljóðritunum á tveimur píanókonsertum Rakhmanínovs sem Þorsteinn Gauti Sigurðsson lék með hljómssveitinni til útgáfu á geisladiski.

Guðrún Ingimarsdóttir

sópran



Guðrún Ingimarsdóttir stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík undir handleiðslu Elínar Óskar Óskarsdóttur óperusöngkonu og lauk þaðan námi með hæstu einkunn. Framhaldsnám stundaði hún í London hjá prófessor Veru Rozsa og síðan í einsöngvara- og óperudeild Tónlistarháskólans í Stuttgart þar sem hún naut leiðsagnar hinnar heimspektu söngkonu Sylviu Geszty. Þá hefur hún sótt allmörg söngnámskeið, meðal annars hjá Robin Bowman, Janet Perry og Elly Ameling.

Undanfarin ár hefur Guðrún starfað sem söngkona í Þýskalandi og víðar á meginlandi Evrópu auk Íslands. Guðrún hefur tekið þátt í fjölmörgum óperuuppfærslum í Þýskalandi, Sviss, Englandi og Íslandi. Meðal óperuhlutverka sem hún hefur sungið er Despina í *Così fan tutte*, Blondchen í *Brottnáminu úr kvennabúrinu*, Næturdrottningin í *Töfraflautunni*, Gréta í *Hans og Grétu*, Titania í *Álfadrottningunni* eftir Purcell, Kurfürstin í *Fuglafangaranum* og Adele í *Leðurblökunni*.

Guðrún hefur komið fram á fjölda tónleika víða um Evrópu, Bandaríkin og Kanada. Þar má nefna uppfærslur á *Carmina Burana* á Spáni, í Tyrklandi og í útvarpinu í Frankfurt, jólatónleika í beinni útsendingu hjá Hessischer Rundfunk, og tónleikaferð um Ítalíu með *Exultate Jubilate* eftir Mozart.

Flutningur óperettutónlistar hefur verið snar þáttur í starfi Guðrúnar. Hefur hún sungið á vel yfir 100 Vínaróperettutónleikum víða um Þýskaland, Austurríki og Sviss, komið fram á tónleikum á vegum Johann Strauss-félagsins í Þýskalandi og farið í tónleikaferðir með afkomendum Straussfjölskyldunnar. Guðrún hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir söng sinn og vann hún meðal annars til verðlauna í alþjóðlegu Erika Köth söngkeppninni í Þýskalandi árið 1996.

Elmar Gilbertsson

tenór



Elmar Gilbertsson útskrifaðist frá Söngskóla Sigurðar Demetz vorið 2007. Eftir það lá leiðin til Amsterdam í Hollandi þar sem hann lagði stund á mastersnám í óperusöng við Tónlistarháskólann í Amsterdam og Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag. Kennarar hans þar voru Jón Þorsteins-son og Peter Nilson. Eftir námið var Elmar tekin inn í Óperu- stúdíó Hollensku óperunnar og starfaði þar í tvö ár. Þá fékk hann fasta stöðu og síðar gestaráðningu hjá óperunni í Maastricht í Hollandi þar sem hann hefur starfað mikið síðustu ár jafnhliða störfum víðsvegar um Evrópu. Ber þar helst að nefna óperuhúsin í Nantes, Toulon og Aix en Provence í Frakklandi, Bochum í Þýskalandi, Brno í Tékklandi sem og Barbican Centre í London og Ríkisóperuna í Amsterdam.

Elmar hefur á sínum stutta ferli sungið og túlkað allnokkrar af persónum óperubókmenntanna. Þar á meðal Tamino í *Töfraf- flautunni*, Don Ottavio í *Don Giovanni*, Ferrando í *Così fan tutte*, Alfred í *Leðurblökunni*, Elvino í *La Sonnambula*, Nerone í *Krýningu Poppeu* og Kudrjaš í *Káta Kabanová* eftir *Janáček*. Á síðasta leikári söng Elmar hlutverk prinsins í *Öskubusku* eftir Rossini hjá Maastricht-óperunni, hlutverk Mímis í *Rínargulli* Wagners á hinni virtu Ruhrtriennale listahátíð í Þýskalandi og hlutverk Hertogans af Mantua í *Rigoletto* eftir Verdi.

Elmar hlaut Grímuverðlaunin í flokknum söngvari ársins fyrir hlutverk Daða Halldórssonar í óperunni *Ragnheiður* eftir Gunnar Þórðarson sem sett var upp hjá Íslensku Óperunni snemma árs 2014. Elmar hlaut einnig Íslensku tónlistar- verðlaunin 2014 sem söngvari ársins í flokki sígildrar- og sam- tímatónlistar.

Vínartónlistin í ár



Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn að *Leðurblökunni* í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í júníbyrjun á stofnári hljómsveitarinnar 1950 og leikur hann nú í 56. sinn á tónleikum. 17. júní 1952 var óperettan frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október. Á annan í jólum 1973 var ný uppfærsla frumsýnd og urðu sýningarnar samtals 50 talsins. Íslenska óperan flutti *Leðurblökuna* vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu Vínartónleika árið 1972 en tónleikarnir í ár eru þeir 36. í röðinni síðan þeir urðu að árlegum viðburði árið 1981. Hafa þeir um langa hríð verið langvinsælustu og fjölsóttustu tónleikar hljómsveitarinnar.

Líkt og á tónleikunum árið 1981 gefur forleikurinn að óperettu Johanns Strauss (1825–1899), *Leðurblökunni*, upptaktinn. Eins og verkið allt er forleikurinn listilega saman settur enda er *Die Fledermaus* eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er óperettan undantekningalaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Vínarborg á gamlárskvöld og reyndar víða um heim. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien í apríl árið 1874.

Í næsta atriði erum við stödd á áramótagrímuballi hins rússneska Orlofsky greifa í 2. þætti óperettunnar. Dr. Falke hyggst hefna sín á Gabriel von Eisenstein sem hafði árið áður skilið hann eftir kófdrukinn, klæddan sem leðurblöku, á almannaferi og orðið honum til athlægis. Á miðju ballinu birtist Rósalinda, eiginkona Eisensteins, dulbúin sem ungversk greifynja og horfir uppá mann sinn daðra við þjónustustúlkuna Adele sem þar er í gervi leikkonu. Dr. Falke kynnir greifynjuna fyrir Eisenstein sem fer strax að dufla við hana. Hún syngur saknaðarljóð til ættjarðar sinnar *Klänge der Heimat* en í framhaldinu tekst henni að nappa vasaúri manns síns sem hún notar síðar til að koma upp um ótrygglyndi hans. Allt fer þó vel að lokum.

Stuttu eftir frumsýningu *Leðurblökunnar* ferðaðist Johann Strauss til Ítalíu með þýsku Langenbach-hljómsveitinni þar sem hann samdi vals og nefndi *Bella Italia*. Var hann frumfluttur í Teatro Regio í Torino 9. maí 1874. Eftir heimkomuna til Vínar breytti Strauss titlinum í *Wo die Zitronen blühen* og vitnaði þar í ljóð Goethes *Kennst du das Land wo die Zitronen blühen?* (Þekkir þú landið þar sem sítrónutrén blómstra?). Geta má sér til, að ljóðið hafi orðið til á ferð Goethes til Ítalíu

haustið 1786 þar sem hann dvaldi meðal annars í bænum Malcesine við Gradavatnið og reri þaðan til nálæggra staða, meðal annars þorpsins Limone sem löngum hefur verið frægt fyrir heilnæma sítrusávexti.

Óperettan *Brosandi land (Land des Lächelns)* eftir Franz Lehár (1870-1948) sem frumsýnd var árið 1923 gerist í Vín og Beijing og fjallar um vonlaust hjónaband Vínarstúlkunnar Lísu og kínverska prinsins Sou-Chong. Í ariunni *Dein ist mein ganzes Herz (Ást mína átt þú ein)*, tjáir prinsinn Lísu ást sína.

Næstu tvö verk koma úr smiðju valsakónsins Johanns Strauss. Fyrst franskur polkinn *Im Krapfenwaldl (Í Krapfaskógi)* op. 336 frá árinu 1869 og síðan *Kaiserwalzer (Keisaravalsinn)* op. 437, saminn 1888. Krapfenwaldl er hluti af Vínarskógi (Wienerwald) og er rétt fyrir ofan hið fræga vínþorp Grinzing, en staðurinn er í dag þekktastur sem útivistarparadís. *Keisaravalsinn* var saminn í tilefni af heimsókn Franz Josephs I Austurríkiskeisara til Wilhelms II Þýskalandskeisara 1889. Valsinn hét upphaflega *Hand in Hand (Hönd í hönd)* en Fritz Simrock útgefandi Strauss fékk hann til að breyta titlinum í *Keisaravals* sem var diplómátskiðt útspil og skírskotar til beggja þjóðhöfðingjanna.

Tónlistin á Íslandi

Óperetta *Lehárs Káta ekkjan* hefur þrisvar sinnum verið sett á fjalirnar í Reykjavík. Fyrst var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu með litlum hléum frá 1. júní til 8. júlí árið 1956 og sáu ríflega átján þúsund manns verkið á 28 sýningum. Káta ekkjan laðaði svo til sín á þriðja tug þúsunda sýningargesta í Þjóðleikhúsið árið 1978. Tæpum tveimur áratugum síðar var hún svo aftur mætt en í þetta skipti á fjalir Íslensku óperunnar við Ingólfsstræti við miklar vinsældir.

Carl Zeller (1842–1898) samdi nokkrar óperettur en *Der Vogelhändler*, sem var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1891, hefur ein og sér haldið nafni hans á lofti.

Fuglasalinn er gamanleikur sem gerist í Rínarlöndum á 18. öld og fjallar um myndarlega fuglasalann Adam sem er frá Tíról í Austurríki og póstafræiðslustúlkuna Christel. Í laginu *Schenkt man sich Rosen in Tirol* færir Adam vinkonu sinni rósabúnt og segir að í Tíról fylgi hjartað allt slíkri gjöf.

Franz von Suppé (1819-1895) eða Francesco Ezechiele Ermenegildo Cavaliere di Suppé-Demelli fæddist í borginni

Tónlistin á Íslandi

Brosandi land, óperetta Franz Lehárs, var sýnd 13 sinnum í Þjóðleikhúsinu vorið 1968 og laðaði til sín rúmlega 5000 gesti. Flutningnum stjórnaði Bohdan Wodiczko sem þá var aðalhljómveitarstjóri Sinfóníuhljómveitarinnar en Sven Áge Larsen leikstýrði og Lárus Ingólfsson gerði leikmyndina. Með aðalhlutverkin fóru Stína-Britta Melander og Ólafur Þ. Jónsson. Í öðrum hlutverkum voru m.a. Eygló Viktorsdóttir, Hjálmar Kjartansson, Sunna Borg, Arnar Jónsson og Valur Gíslason.

Split sem liggur við Adriaahafið og tilheyrir nú Króatíu. Hann var af belgískum og ítölskum uppruna í föðurætt en móðirin var frá Vínarborg. Suppé hóf snemma að semja tónlist og var fyrsta verk hans, *Rómversk-kaþólsk messa*, frumflutt þegar hann var aðeins 13 ára gamall. Á þrítugsaldri flutti hann til Vínarborgar og tók við stöðu hljómveitarstjóra í Theater in der Josefstadt sem er sögufrægt leikhúsi í 8. hverfi borgarinnar. Fyrir það leikhús, Theater an der Wien og fleiri leikhús staðarins samdi hann um dagana tónlist fyrir meira en 100 sýningar. Suppé skrifaði um ævina í kringum 30 óperur en í dag er hann einkum þekktur fyrir nokkra forleiki sína, m.a. *Ein Morgen, ein Mittag, ein Abend in Wien*.

Nico Dostal (1895–1981) var Austurríkismaður og starfaði á ferlinum víðsvegar um landið. Hann samdi 24 óperettur og var einnig mikilvirkt kvikmyndatónskáld. Arian *Spiel mir das Lied von Glück und Treu* (*Flyt mér óðinn um hamingju og traust*) er úr óperettunni *Ungverska brúðkaupið* frá árinu 1939.

Rudolf Sieczynski (1879–1952) var Austurríkismaður af pólskum ættum. Hann mun hafa samið allmörg angurvær Vínarljóð en skrifaði nafn sitt í sögubækurnar með því fyrsta, *Wien, du Stadt meiner Träume* (*Vín, borg drauma minna*) op. 1 frá árinu 1914.

Af hartnær 500 verkum Johanns Strauss yngri eru 44 marsar og 91 polki. *Egypska marsinn* op. 335 samdi Strauss árið 1869 og tileinkaði stórhertoganum Friedrich I af Baden. Hraði polkinn *Éljen a Magyar!* (*Heill Ungverjum!*) op. 332 er frá sama ári og tileinkaður Austurríska garðyrkjufélaginu og ungversku þjóðinni.

Káta ekkjan og *Brosandi land* eru vafalaust vinsælustu óperettur Franz Lehárs en einstakar aríur úr öðrum óperum hafa einnig notið mikilla vinsælda. *Káta ekkjan* (*Die lustige Witwe*) var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1906 og fór

strax sigurför um heiminn. Sem dæmi má nefna að verkið var sýnt samtals 777 sinnum eftir frumsýninguna í London árið 1907 áður en haldið var í sýningarferð um Bretlandseyjar. Þá hefur óperettan fjórum sinnum verið kvikmynduð. Sögusviðið er París, en í óperettunni segir af ekkjunnni Hönnu Galwari sem nýlega hefur erfð mikil auðævi eftir mann sinn, og tilraunir stórhertogans af Pontevedro [afbökun á Montenegro, Svartfjallalandi] til að hafa áhrif á makaval hennar í því skyni að forða föðurlandinu frá gjaldþroti. Gagnkvæm ást hennar og Danilos sendiráðsritara er einnig í brennidepli en síðast en ekki síst staðfesta hennar sem heiðvirðrar konu.

Dúettinn *Lippen schweigen* (*Varir þegja*) er úr þriðja þætti óperettunnar þar sem flækjur hafa verið leystar og allt er fallið í ljúfa löð milli elskendanna. Og hér er hefð fyrir því að tónleikagestir taki undir í viðlaginu:

Varir þegja, vildu segja:

Unn þú mér.

Fiðlur hljóma, enduróma:

Ann ég þér.

Handtak hlýtt mér tjáir

heitt þú elskir mig.

Eitt er víst, já eitt er víst,


ég elska þig.

Oft hefur verið sagt að valsasyrpan *An der schönen blauen Donau* eða *Dónárvalsinn* sé óopinber þjóðsöngur Austurríkismanna. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karla­kór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um árabíl. Ári síðar klæddi Strauss syrpana í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

Sigurður Ingví Snorrason

Johann Strauss

með augum nokkurra samtímamanna



Efnisskrá Vínartónleikanna að þessu sinni er nú sem oft áður vörðuð af verkum valsakóningsins Johans Strauss yngri. Vinsældir verka hans eru með eindæmum enda naut hann í lifanda lífi aðdáunar og virðingar málsmetandi samferðamanna:

Johannes Brahms: „Hann er eini maðurinn sem ég öfunda, músíkin drýpur af honum, alltaf dettur honum eitthvað í hug“.

Giuseppe Verdi: „Ég virði hann sem einn af mínum hugvits-sömustu kollegum“.

Émile Zola: „Við rithöfundar sýnum veröldina, hversu ömurleg hún er - Strauss sýnir okkur hversu fögur hún getur verið“.

Richard Strauss: „Fyrir 8 takta af Wiener Blut [óperettunni] gæfi ég heila óperu - það er miklu erfiðara að semja einn fallegan vals en heila miðlungs símfóníu.

Tónlistin á Íslandi

Segja má að fyrstu Vínartónleikar á Íslandi hafi verið haldnir í Iðnó 15. júní 1926, en þá lék Filharmóníuhljómsveit Hamborgar heila tónleika með verkum Johans Strauss yngri, undir stjórn Jóns Leifs. Þar var m.a. leikinn Dónárvalsinn og forleikurinn að Leðurblökunni, og sagði gagnrýnandi Morgunblaðsins um tónleikana: „ekki ófjörugir, enda ljómaði gleðibros á hverju andliti í salnum á meðan á þeim stóð“.

Á döfinni

Ungir einleikarar

Fim. 14. janúar 2016 » 19:30



Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og leika sigurvegarar keppinnar einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum Ungir einleikarar. Tónleikarnir eru ávallt með þeim mest spennandi á starfsárinu þar sem konsertar og aríur eru í forgrunni. Stjórnandi tónleikanna að þessu sinni er rússneski hljómsveitarstjórinn Daniel Raiskin, aðalhljómsveitarstjóri Rínarfílharmóníusveitarinnar í Koblenz og Fílharmóníusveitar Arturs Rubinstein í Łódź í Póllandi.

Daniel Raiskin *hljómsveitarstjóri*

Heiðís Hanna Sigurðardóttir *einsöngvari*

Sigríður Hjördís Indriáadóttir *flautuleikari*

Jónas Ásgeir Ásgeirsson *harmonikkuleikari*

Ragnar Jónsson *sellóleikari*

Osmo og Mahler

Fim. 21. jan. » 19:30



Bandaríski fiðluleikarinn Esther Yoo vakti athygli tónlistarheimsins árið 2010 þegar hún varð yngst til þess að hreppa verðlaun í Sibeliusar-fiðlukeppninni, aðeins 16 ára gömul. Í kjölfarið tók Vladimir Ashkenazy hana undir verndarvæng sinn, hefur haldið með henni tónleika og gefið út geisladisk.

Vänskä hefur fyrir löngu sannað afburðatök sín á tónlist Mahlers og túlkun hans á fyrstu sífóníunni er mikið tilhlökkunarefni. Þá hljóma á tónleikunum þrjár stuttar tónamyndir Jóns Leifs frá árinu 1955.

Osmo Vänskä *hljómsveitarstjóri*

Esther Yoo *einleikari*

Á döfinni

Ný föstudagsröð í Norðurljósum



Í mars hefur göngu sína ný og fersk tónleikaröð í Norðurljósum undir stjórn Daníels Bjarnasonar hljómsveitarstjóra og staðarlistamanns Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á tónleikunum teflir Daníel saman fullvaxta hljómsveitarverki og einleiksverki sem þó eiga sitt hvað sameiginlegt. Tónleikarnir sem eru klukkustundarlangir og hefjast kl. 18 eru tilvalinn upptaktur að skemmtilegu kvöldi eða lokahnykkur á vinnuvikunni. Miðaverði er stillt í hóf og einnig er hægt að kaupa áskriftarkort að röðinni.

Meistarar laglínunnar	4. mars
Hafið, hafið ...	1. apríl
Tímamótaárið 1910	6. maí

Fiðlukonsertar Sigrúnar Eðvaldsdóttur



Út er kominn nýr hljómdiskur í röð sem endurspeglar mikilvæg augnablik helstu einleikara úr röðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sigrún Eðvaldsdóttir er í hlutverki einleikarans á þessum diskum sem inniheldur fjóra af þekktustu fiðlukonsertum tónbókmenntanna frá 19. og 20. öld eftir Brahms, Dvořák, Sibelius og Berg. Konsertarnir eiga það sameiginlegt að einleikshlutverk þeirra allra er mjög krefjandi, bæði hvað tækni og mótun varðar en um leið er hlutverk hljómsveitarinnar íburðarmikið. Þá eru þeir allir sömuleiðis einu fiðlukonsertar tónskáldanna.

Hljómsveit á tónleikum

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Martin Frewer
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Pascal La Rosa
Ágústa María Jónsdóttir
Mark Reedman

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristín B. Ragnarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir

DANSARAR

Þorkell Jónsson
Denise Yaghi
Freyþór Össurarson
Sophie Webb

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Júliana Mogensen
Lovisa Fjeldsted
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grimur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

HLJÓÐ

Róbert Steingrímsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Einar Jónsson

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

LJÓS

Jóhann Bjarni Pálmason

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



W.A. MOZART

DON GIOVANNI

FRUMSÝNING Í HÖRPU
27. FEBRÚAR 2016

WWW.OPERA.IS



ÍSLENSKA ÓPERAN



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Valsinn er dans sem hefur yfirbragð *fágunar* og reynir á samhæfingu dansara. Ef parið er ekki samstíga er jafnvægið í hættu. Að sama skapi þarf hljómsveitin að *stilla saman strengi sína* – í bókstaflegri merkingu.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is